

Húnavatnshreppur
Þorgils Magnússon
Húnavellir
541 Blönduós

Reykjavík, 17. maí 2021
UST202104-353/A.B.
10.04.00

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulag Húnavatnshrepps 2010 – 2022 og nýtt deiliskipulag – Gangnamannaskáli-Gedduhöfði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Húnavatnshrepps er barst 24. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010 – 2022 og á nýju deiliskipulagi vegna gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði.

Í greinargerð kemur fram að viðfangsefni breytingarinnar er að skilgreina nýtt afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF1) við Gedduhöfða á Grímstunguheiði, þar sem gert er ráð fyrir um 500 m² gangnamannskála, um 300 m² hesthús, rafstöð, aðkomuvegi, bílastæðum, vatnsból og rotþró. Auk þess kemur fram að nýr gangnamannaskáli mun þjóna gangnamönnum, en gæti einnig nýst breiðari hópi svo sem ferðamönnum.

Óbyggð víðerni

Í 3. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir í e. lið. 1. mgr: „Til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.“

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflinum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í tillögunni hver stefna sveitarfélagsins er varðandi verndun óbyggðra víðerna í sveitarfélaginu og áhrif tillögunnar á óbyggð víðerni.

Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á öröskuðu landi er mikilvægt að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í

landsskipulagsstefnu segir að mikilvægt sé að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því að oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur